Sþ. **112. Tillaga til þingsályktunar** [96. mál]

um launakjör og fríðindi embættismanna.

Flm.: Stefán Jónsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að sett verði almenn reglugerð varðandi kjör hinna hæst launuðu embættismanna ríkisins og þeirra stofnana sem ríkið á meiri hluta í, þar sem kveðið verði á um að allar greiðslur til embættismannanna fyrir störf í þágu fyrirtækjanna komi fram í launum þeirra, en afnumin verði önnur fríðindi, þar á meðal fríðindi er lúta að innflutningi bifreiða og rekstri þeirra. Kveðið verði á um að kostnaður embættismanna vegna starfs skuli ætíð greiddur samkvæmt reikningi. Skipan þessi nái einnig til ráðherra.

Greinargerð.

Við umræður um almenn launakjör í landinu, þar sem komið hefur í hlut ráðherra, bankastjóra og annarra háttsettra embættismanna að vefengja þörf launastéttanna fyrir kjarabætur í vaxandi dýrtíð, hefur það orðið ljóst, að æskilegt er að slíkir formælendur ráðdeildar geti trútt um talað. Í fyrirspurnatíma á Alþingi hefur komið í ljós að auk ráðherra, sem njóta skattfrjálsra bifreiðafríðinda samkvæmt löglegri reglugerð, hafa bankastjórar tekið sér sams konar fríðindi í skjóli valds síns og forstjórar Framkvæmdastofnunar síðan fetað í fótspor þeirra. Hér skiptir ekki máli þótt bankaráð eða aðrar álíka stofnanir hafi fjallað um málin, við blasir að bankastjórarnir og forstjórarnir eru undanþegnir innflutningsgjöldum af bifreiðunum, geta selt þær innan þriggja til fimm ára án þess að standa skil á þessum gjöldum og keypt nýjar með sömu kjörum, og greiða engan skatt af til hins opinbera. Samtímis fá þeir svo greiddan allan rekstrarkostnað bíla þessara. Einnig hefur komið í ljós að forstjórar ríkisstofnana fá umsamdar aukagreiðslur sem nema allt að helmingi beinna launa, og að mikið skortir á að þannig sé um hnútana búið að hreinlegt geti talist.